

Nr. 76/1991.

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Sigurður Ólason

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Steinunni Tómasdóttur,**Sigfríði Sigurðardóttur,****Tómasi Ólafssyni,****Margréti Hjartardóttur**

(Stefán Pálsson hrl.) og

Óskari Björnssyni

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1991 og krefst þess, að stefndu Steinunn Tómasdóttir, Sigfríður Sigurðardóttir, Tómas Ólafsson og Margrét Hjartardóttir verði in solidum dæmd til þess að greiða sér 1.017.226,32 krónur auk dráttarvaxta frá 15. desember 1988 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst sýknu af meðalgöngukröfu stefnda Óskars Björnssonar og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Steinunn, Sigfríður, Tómas og Margrét hafa eigi látið sækja dómþing í Hæstarétti, og var þeim þó löglega stefnt.

Stefndi Óskar krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti in solidum úr hendi áfrýjanda og meðstefndu.

Nýtt skjal, bréf lögmanns stefnda Óskars til áfrýjanda, dags. 12. júlí 1989, hefur verið lagt fram í Hæstarétti.

Í héraðsdómi eru raktar málsástæður aðila, eins og þeir lögðu málið fyrir í héraði. Þar er rakið bréf áfrýjanda 10. september 1990, sem var öðrum þræði svar við bréfi lögmanns stefnda Óskars 12. júlí 1989. Í hinu síðarnefnda bréfi, sem fyrst er lagt fram í Hæstarétti, óskar lögmaðurinn eftir upplýsingum um „eftirtalda víxla og

skuldabréf sem Óskar kveðst hafa afhent yður til innheimtu vegna sölu á söluturninum og voru samþykktir af Hauki Smára Haukssyni og útgefnir af Steinunni Tómasdóttur og eru:

pr. 25.5. 1988 kr. 200.000

pr. 15.6. 1988 kr. 200.000

pr. 25.7. 1988 kr. 114.000

pr. 25.9. 1988 kr. 200.000

pr. 25.11. 1988 kr. 200.000

svo og skuldabréf kr. 450.000 útgefið af Hauki Smára Haukssyni . . .“.

Samanlögð fjárhæð viðskiptabréfa þessara er 1.364.000 krónur.

Af kaupsamningi þeim, sem gerður var milli stefnda Óskars sem seljanda og Hauks Smára Haukssonar um söluturninn Lottery, má sjá, að ofangreindir víxlar og skuldabréf eru hlutar af þeim samningi. Stefndi Óskar byggir mál sitt gegn áfrýjanda á því, að hann hafi falið áfrýjanda umboð til þess að „skuldbreyta“ skuldbindingum Hauks Smára við sig og því afhent áfrýjanda öll viðskiptabréf nema eitt, sem í þeim samningi voru gerð, samtals að fjárhæð 2.864.000 krónur. Hann hafi þó ekki fengið hin nýju skuldabréf frá áfrýjanda, þar á meðal þau tvö, sem mál þetta fjallar um. Í málinu hefur stefndi Óskar þannig ýmist haldið því fram, að hann hafi afhent áfrýjanda öll skjöl, sem gerð hafi verið vegna kaupsamningsins 4. janúar 1988, eða aðeins hluta þeirra, svo sem í ofangreindu bréfi 12. júlí 1989 greinir. Áfrýjandi hefur ekki gert skýrlega grein fyrir því, á hvern hátt hann eignaðist viðskiptabréf þau, sem um er deilt í málinu og hann reisir kröfur sínar á, eða á hvern hátt hann taldi þau eign sína. Var honum þó hægt um vik að leggja fram skattframtöl sín þessu til sönnunar.

Telja verður því, að áfrýjandi og stefndi Óskar hafi ekki gefið í málinu nægilega glöggar og greinilegar skýrslur um viðskipti sín, til þess að lagður yrði dómur á málsefnið. Ekki var nægilega upplýst um umboð það, sem áfrýjanda var falið. Stefndi Óskar upplýsti ekki um kröfur sínar varðandi önnur skuldabréf, út gefin af stefndu Steinunni, en mál þetta fjallar um.

Héraðsdómari átti þess kost að inna aðila eftir skýrum upplýsingum og vísa málinu frá dómi, ef ekki varð úr bætt, sbr. 116. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Verður að

telja, að mál þetta hafi verið svo vanreifað, bæði af hálfu stefnanda og meðalgöngustefnanda í héraði, að eigi hafi mátt leggja dóm á efni þess. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu í heild frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu í heild vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
